

Kópavogsbær
Formaður leikskólanefndar Kópavogs
Fannborg 2
200 Kópavogur



Kópavogur, 7. júní 2011

Málefni fatlaðra barna á leikskólaaldri

Skipulag þjónustu við fatlaða einstaklinga tók miklum breytingum um síðustu áramót þegar sveitarfélögin og þar á meðal Kópavogsbær tók við framkvæmdinni sem áður var á höndum ríkisins. Stuðningsúrræði, búsetuúrræði og dagþjónusta sem áður voru á vegum Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi eru nú á hendi Félagsþjónustunnar auk þeirrar þjónustu sem þegar var til staðar eins og búsetuþjónusta, liðveisla og ferðaþjónusta.

Óskað er eftir því við formann leikskólanefndar að tekin verði saman skrifleg greinargerð um stöðu barna á leikskólaaldri sem falla undir þjónustusvið málefna fatlaðra og hvaða breytingar ef einhverjar hafa orðið á þjónustuframboði við þessar breytingar?

Óskað er eftir svari sem fyrst.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Friðrik Friðriksson".

Friðrik Friðriksson,
áheyrnarfulltrúi foreldra í leikskólanefnd
Hjallabrekka 36 / Kópavogi